

TILLAGA AÐ
STARFSLEYFI

Framleiðsla á ferskvatnsfiski.
Bleikjubær ehf.
Bláskógarbyggð,
Flétturima 2, 112 Reykjavík
Kt.: 690296-2259

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Bleikjubæ ehf. kt. 690296-2259, fyrir 60 tonna fiskeldisstöðvar að Eyjarlandi, Bláskógarbyggð. Bleikjubær er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og frágangur og starfsemi skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða í stöðinni árlega allt að 60 tonnum af ferskvatnsseiðum (laxa, bleikju, regnboga og borra) og bleikju til manneldis. Leyfið gildir til fiskeldis en nær ekki til slátrunar né vinnslu.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði 6. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði greina 7.4 og 9.1 í reglugerðinni. Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur m.a. farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. málsgrein 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 18. grein reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal-vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnum, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni

skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Varanleg rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir þannig að úttekt geti farið fram á frágangi. Vinna skal samkvæmt neyðaráætlun um meðhöndlun eldisfisksins sbr. ákvæði greinar 4.5, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri stöðvarinnar. Tilkynna skal eftirlitsaðila um að fiskeldisstöðin hafi verið tekin í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niðri.

Útbúa skal neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri. Rekstraraðili skal leggja fram drög að neyðaráætlun fyrir 15.janúar 2016.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja fram úrbætur. Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laganna. Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 27. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila. Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða ef rekstraraðili virðir ekki fyrirmæli um úrbætur innan tiltekins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða að afturkalla starfsleyfið. Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd svæðisins sbr. 29. gr. laganna.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður samkvæmt grein 1.3. og 1.8 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felast aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum stöðvarinnar, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldistofnsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin liggja fyrir eigi síðar en 25.febrúar 2016 og endurskoðuð á tveggja ára fresti.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætla. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

Á tveggja ára fresti skal rekstraraðili boða útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila á samráðsfund. Rekstraraðili skal einnig bjóða fulltrúa viðkomandi heilbrigðisnefndar að sitja fundinn. Þessir aðilar geta þó boðað oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um reksturinn, mengunarvarnir, hugsanlegar breytingar á rekstri, vöktun og önnur atriði sem kunna að hafa komið upp og fulltrúar áður nefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 344/2013, um frjálsta þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt skv. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999, að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun (neyðaráætlun)

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004 og vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila. Neyðaráætlun þarf að vera tilbúin fyrir 15. febrúar 2016.

2.6 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.7 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir fyrir starfsemina eins og hún er skilgreind í reglugerð nr. 785/1999 og nánar er lýst í norrænni skýrslu um bestu fánlegu tækni (BAT) fyrir fiskeldi á Norðurlöndum (TemaNord 2005:528), samantekin skýrsla á íslensku undir heitinu „Besta fánlega tækni (BAT) við fiskeldi á Norðurlöndunum 2008-548“. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færast á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir).

Verði breytingar á bestu fánlegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.6.

3.2 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

3.3 Eldisvatn

Rekstraraðili skal sjá til þess að eldisvatnið uppfylli kröfur til fiskeldis. Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er.

3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 6,0 kg /tonn af framleiddum fiski. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.5 Losun og frágangur við útrás frárennslis

Verði vart við uppsöfnun mengunarefna við útrásina skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila það þegar í stað og skal farið með málið skv. grein 1.8.

Rekstraraðila er skylt að sjá um að hvergi sé við útrásina þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka:

- Set eða útfellingar
- Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir)
- Olía eða froða
- Sorp eða aðrir aðskotahlutir
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

3.6 Lífríki og flokkun vatns

Fiskeldi má ekki valda fækkun tegunda í lífríki, sbr. þó grein 3.8. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Þannig er ekki heimil breyting á flokkun vatns samkvæmt 9. og 10. grein reglugerðar nr. 796/1999. Leiði eftirlit eða mælingar á umhverfisgæðum, samanber ákvæði 3. og 5. kafla, í ljós komi að ástand vatns fari hrakandi vegna rekstursins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 796/1999, skal rekstraraðila skylt að endurskoða losunaraðferðir og að afla samþykkis Umhverfisstofnunar á nýju fyrirkomulagi.

3.7 Frárennslis frá starfsmannaaðstöðu

Frárennslis frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að kvíum.

3.9 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en það fer í frárennslis. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði greinar 3.10.

3.10 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Varp efna og hluta í hafið er óheimilt nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífrænn úrgangur fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

3.11 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

3.12 Öryggisblöð og efnanotkun

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Leitast skal við að skipta út efnum sem hafa skaðleg áhrif á menn og umhverfi fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaráhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. grein 4.4.

4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- framleiðslumagn og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 4.4.,
- staðsetningu og framleiðslumagn á hverjum stað,
- teikningar af frárennsli,
- niðurstöður mælinga,
- losun næringarefna,
- tæmingu olíugildra,
- hreinsun á mengunarvarnabúnaði.

4.2 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í samræmi við umfang losunar rekstraraðila í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt vöktunaráætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Áætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni. Endurskoðaða skal vöktunaráætlanir óski Umhverfisstofnun eftir því, t.d. ef hætt er að vinna eftir umhverfisvottunum eða umhverfisstjórnunarkerfi.

4.3 Búnaður til sýnatöku

Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli og setþró eða sambærilegum búnaði. Frágangur búnaðarinnar skal vera þannig að auðvelt sé að mæla rennsli stöðvarinnar miðað við hæð vatns við útrás eða inntöku vatns. Umhverfisstofnun getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið er að sýnatöku og hvaða aðila sé falið að taka sýni.

4.4 Sýnataka og mælingar úr viðtaka, frárennsli og seyru

Rekstraraðili skal á þriggja ára fresti taka sýni úr frárennsli. Mæla skal svifagnir og TOC (eða COD). Fyrsta mælingin skal fara fram innan tveggja mánaða frá því að uppfylltar hafa verið tímasettar kröfur í grein 2.4. Fylgjast skal með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis með því að reikna hana út frá innihaldi

fóðurs og upptöku næringarefna í eldinu. Umhverfisstofnun getur einnig farið fram á mælingar á heildarfosfór og heildarköfnunarefni. Fyrstu mælingar skv. þessari grein skulu fara fram fyrir 15. apríl 2016.

4.5 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. ákvæði greinar 3.6.

4.6 Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald. Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða. Heimilt er að skila skýrslunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.5. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5. Umhverfisvöktun

5.1 Vöktunaráætlun

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Rekstraraðili skal vera með vöktunaráætlun sem samþykkt skal vera af Umhverfisstofnun. Áætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar sbr grein 4.2. Taka skal mið af bæklingi Umhverfisstofnunar, „Upplýsingar um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva“ og útfæra áætlunina í samræmi við staðbundnar aðstæður. Vöktunaráætlun skal vera tilbúin fyrir útgáfu leyfis.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir tengdum vöktunarmælingum og öðrum mælingum sem Umhverfisstofnun leitar eftir skv. starfsleyfi þessu. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 4. eftirlitsflokk samkvæmt grein 11.d í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 25. febrúar 2020.

Reykjavík

Umhverfisstofnun

Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri